

Ed. 52. Frumvarp til laga

um lendingarbætur í Höfnum í Gullbringusýslu.

Flm.: Guðm. Í. Guðmundsson.

1. gr.

Til lendingarbóta í Hafnahreppi í Gullbringusýslu skal úr rikissjóði veita helming kostnaðar eftir áætlun, sem atvinnumálaráðherra samþykkir, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 250 þúsund krónum, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Hafnahrepps að jafnri til- tölu og lendingarsjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd rikissjóðs allt að 250 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Hafnahrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna.

Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðherra telur til þess færan.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, mól eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að til- kvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Hafnahrepps.

Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæma á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meir en um 10% frá hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, annars greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði.

4. gr.

Meðfram strandlengju þorpsins, eftir því sem nánar verður til tekið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki lendingarsjóðsstjórnar og hreppsnefndar Hafnahrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum frá kr. 1000.00 til 10000.00 kr.

5. gr.

Frankvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrír menn, er hreppsnefnd Hafnahrepps kýs. Skulu þeir kosnir á fyrsta fundi nýkosinnar hreppsnefndar, og gildir kosning þeirra jafnlengi og hreppsnefndarinnar.

Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Hafnahrepps, sú sem nú situr, fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þágu lendingarinnar. Hreppsnefndur Hafnahrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Hreppsnefndin má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd upp af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til að standast kostnað við byggingu og viðhald lendingarvirkjana og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Hafnahrepps allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, sem haldið er úti til fiskveiða frá Hafnahreppi, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka Hafnahrepps, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 12. gr. Heimilt er að innheimta gjöld í lendingarsjóð, þegar byrjað er á verkinu.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 15. desember ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs semja áætlun um tekjur og gjöld lendingarsjóðs næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Stjórn lendingarsjóðs skal í ársbyrjun gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðna árinu. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Hafnahrepps semur og atvinnuáráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, sem lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, upphæð vörugjalds, báta- og bryggjugjöld o. fl. Í reglugerð má ákveða um sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr., og renni sektir í sveitarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, liggja Hafnir á Reykjanesi við ein beztu fiskimið landsins, sunnanverðan Faxaflóa. Aflasæld er þar mikil og að jafnaði stutt til fiskjar. Fyrir kemur þó, að fiskur bregðist á hinum nálægari miðum, og þurfa hreppsþúar þá að sækja á dýpri mið. Ber einkum á því síðari hluta vertíðar, að fiskur á heima-miðum bregðist, og þarf þá að sækja lengra.

Þrátt fyrir ágætar aðstæður á sjó, hvað fiskistöðvar snertir, hafa íbúar Hafnahrepps jafnan átt við hinn erfiðasta aðbúnað að búa, þegar að landi hefur komið. Lengi framan af var engin bryggja til í hreppnum, og varð þá, þegar að landi var komið, að seila fiskinn á snæri út úr bátunum og bera hann síðan eða draga á land. Þegar vel áraði, kom það fyrir, að draga þurfti á land með þessum hætti um 400 skipfund á bát yfir vertíðina. Var þetta mikið verk og erfitt, og hefði mátt telja vonlítið að stunda sjó úr Höfnum með þessari löndunaraðferð, ef ekki hefði hjálpað, hversu stutt þurfti að sækja að jafnaði. Fyrir nokkrum árum var ráðin nokkur bót á þessu með byggingu bátabryggju, þótt lítil væri og ófullkomin. Í seinustu fjárlögum var veittur úr ríkissjóði 25 þúsund króna styrkur til að endurbæta þessa bryggju, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að.

Vegna löndunar- og lendingarskilyrðanna í Höfnum hafa hreppsþúar nær eingöngu orðið að notast við opna báta, fyrst árabáta, síðan trillubáta. Stærri báta hefur ekki verið hægt að hafa þarna vegna lendingarinnar og vegna legunnar. Hefur þetta orðið til hins mesta tjóns fyrir hreppinn og bókstaflega staðið honum fyrir þrifum. Hefur það komið fyrir hvað eftir annað, að nægur afli hefur verið fyrri hluta vertíðar á grunnmiðum, en síðari hluta vertíðar enginn afli þar, en nægur á djúpmiðum. Á grunnmiðum hefur verið hægt að nota opnu bátana, en ekki á djúpmiðin, og hafa Hafnamenn því iðulega orðið að vera í landi vegna ófullnægjandi skipakosts, þegar nægur afli hefur verið á djúpmiðum, en lítill eða enginn á grunnmiðum. Hafnamenn hafa mikinn áhuga fyrir því að bæta úr þessu og skapa sér skilyrði til betri afgangslu, þegar að landi er komið, og möguleika á að hafa stærri báta, en þess er ekki hvað sízt þörf nú, þegar hraðfrystihús hefur verið byggt í hreppnum. Á þessu eru ekki svo miklir erfiðleikar, að ekki sé hægt við þá að ráða, ef eðlilegur stuðningur hins opinbera kemur til. Í Hafnahreppi er einhver sú bezta og öruggasta smábátahöfn, sem frekast verður á kosið, gerð af náttúrunnar hendi, en með þeim galla, að bátarnir komast þar hvorki út né inn nema með háum sjó. Til þess að þessi höfn verði notuð, þarf því að grafa rás inn á leguna. Vitamálastjóri hefur athugað nokkuð möguleikana á þessu og kostnað í sambandi við slíka dýpkun, og segir svo í álitum hans:

„Gerð hefur verið athugun um dýpkun þannig, að rás verði grafin eða sprengd inn í gegnum grynningar, sem eru á milli landsins annars vegar og Varpeyja og Eggja hins vegar. Er botninn þar ýmist sandur eða þang og þari á grjóti eða þá

samfelld klöpp. Ef dýpkað yrði niður í 1 m dýpi, miðað við stórstraumsfjöruborð, yrði lengd þeirrar rásar, sem dýpka þyrfti, um 860 m. Ef gert yrði ráð fyrir 10 m breiðri rás, nemur öll dýpkunin um 10000 m³, en með 8 m breiðri rás um 8000 m³.

Erfitt er að segja að svo stöddu um, hvað kosta mundi að dýpka miðað við rúmmetra, enda þyrfti áður að fara fram tilraunardýpkun á staðnum og nákvæm athugun á öllu svæðinu. Ef gert yrði ráð fyrir kr. 50.00 kostnaði að meðaltali, miðað við hvern rúmmetra, sem dýpkað yrði, mundi öll dýpkunin kosta 400 þúsund til 500 þúsund krónur.“

Er það von íbúa Hafnahrepps, að mannvirki þetta komist í framkvæmd áður en langt um líður.

Frumvarp þetta er borið fram í þeim tilgangi að greiða fyrir því, að sú von megi rætast, enda sjálfsagt að afgreiða lög um lendingarbætur fyrir Hafnahrepp, þar eð hann hefur þegar fengið fjárveitingu til lendingarbóta.